

Halldór Jónsson ehf.
Skútuvogi 11
104 Reykjavík

Reykjavík, 23. september 2021
UST202109-102/H.I.I.
07.06.02

Niðurstöður eftirlits með markaðssetningu og merkingu sæfivara á markaði

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum á markaði hjá BYKO ehf. Breiddinni þann 25. júní 2021. Undir umfang eftirlitsins féllu allar sæfivörur í vöruflokkum 7, rotvarnarefni fyrir yfirborðsfilmu; 8, viðarvarnarefni; 14, nagdýraeitur; 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að verjast öðrum liðdýrum og 21, gróðurhindrandi vörur, sem BYKO ehf. býður fram á markaði, þ.á.m. varan Caramba, sem Halldór Jónsson ehf. er heildsali fyrir og birgir vörunnar í skilningi efnalaga nr. 61/2013.

Skoðað var hvort að vörunnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, sbr. reglugerð (ESB) nr. 528/2012 og hvort að vörur með markaðsleyfi, uppfylltu skilyrði um flokkun, pökkun og merkingu skv. sömu reglugerðum. Jafnframt var skoðað hvort merkingar væru í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sbr. reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

Við skoðun á vörunni Caramba kom í ljós að hún uppfyllir ekki skilyrði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, sem sett er á grundvelli efnalaga nr. 61/2013. Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um markaðsleyfi og merkingar og þau frávík frá tédum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun veitir Halldóri Jónssyni ehf. frest til 8. október 2021 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Caramba.

Úrbætur skulu sendar Umhverfisstofnun merktar málnúmerinu UST202109-102. Rafræn skjöl sendist á ust@ust.is.

Umhverfisstofnun veitir Halldóri Jónssyni ehf. hér með frest til 29. september nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 29. september nk.

Umhverfisstofnun veur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun veur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnunni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr. Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um sæfivörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið hafdisi@ust.is.

Virðingarfyllst,

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

Bergdís Björk Bæringsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/saefivorur/>